

Ágætu nemendur (see English below).

Nú er fyrstu kennsluvikunni lokið og rétt að fara yfir nokkur atriði. Skipulagið breytist í næstu viku en þá eiga nemendur að mæta í skólann í tvöfalda tíma á morgnana (8:10-10:10). Kennarar setja upplýsingar á INNU í þeim hópum sem þarf að tvískipta. Önnur kennsla fer fram í gegnum rafrænt kennsluumhverfi skólans og einfaldi tíminn sem liggur að tvöfalda morguntímanum er hugsaður sem ferðatími nemenda, þ.e. koma sér heim og vera klár í næsta tíma.

Skipulagið í vikunni gekk vel upp og var mæting nemenda í skólann mjög góð. Hins vegar bar nokkuð á því að nemendur voru að safnast saman fyrir utan skólann að lokinni kennslu og virtu ekki nándarreglur. Einnig vil ég ítreka að gangar í skólanum eru ferðarými og nemendur mega alls ekki safnast saman í hópa innandyra (1 metra reglan inn í skólanum og 2m utan skólans).

Við verðum að virða reglurnar þar sem það er einfaldlega of mikið í húfi og við viljum geta tekið á móti nemendum í hús. Einnig minni ég ykkur öll á að sótthreinsa ykkur og virða merkingar á milli sóttvarnarhólfa.

Í lokin hvet ég nemendur til að kynna sér vel upplýsingar um skipulag á heimasíðu skólans undir COVID-19 hnappnum.

Með von um góð viðbrögð.

Kær kveðja,

Steinn

Dear students.

Now the first week of teaching is finished and it is appropriate to remind you on few things since the timetable will change for next week but then the students will attend the double morning classes. (8:10-10:10). Teachers will be posting information in INNA in classes that need to be divided in two. Other classes will take place in the school's learning management system. The class adjoining the double class is intended as travel time for students, that is to get home and be ready for an next class at 11:35.

The first week went well, and student attendance was very good. Students did though gather outside the school after class es without respecting the proximity rule (2 meters outside and 1 meter indoors). I would also like to reemphasise that the school corridors are travel space and students are not allowed to gather into groups indoors.

We must respect the rules since there is too much at stake and we want to be able to receive students in the school. I also want to remind you all to disinfect and in general attend well to hygiene in all aspects.

I want to encourage all students to be aware of information found on [www.mh.is](http://www.mh.is), IB-Studies.

Best regards,

Steinn